

Þinggerð
49. ársþings Glímusambands Íslands
Reykjavík 16. febrúar 2013

49. ársþing Glímusambands Íslands

Haldið í Reykjavík 16. febrúar 2013

Dagskrá:

1. Þingsetning.
2. Kosin kjörbréfanefnd.
3. Kosnir fastir starfsmenn þingsins.
4. Kjörnar aðrar nefndir.
 - a) Fjárhagsnefnd.
 - b) Laganefnd.
 - c) Allsherjarnefnd.
5. Fráfarandi stjórn gefur skýrslu sína.
6. Gjaldkeri leggur fram endurskoðaða reikninga.
7. Ávörp gesta.
8. Umræður um skýrslu og reikninga.
9. Reikningar bornir upp til samþykktar.
10. Stjórn leggur fram fjárhagsáætlun næsta ár.
11. Lagðar fram lagabreytingar þær er fram hafa komið.
12. Teknar til umræðu tillögur og önnur mál sem borist hafa til stjórnar og einnig mál er þingfulltrúar vilja koma á framfæri.

- Þinghlé -
13. Nefndaálit, tillögur og atkvæðagreiðsla um þær.
14. Ákveðið gjald ævifélaga.
15. Kosning stjórnar, varastjórnar, skoðunarmanna, varaskoðunarmanna og fulltrúa á íþróttahing.
16. Kosnir þrír menn í aganefnd og þrír til vara.
17. Önnur mál.
18. Þingslit.

1. Þingsetning

Þingið fór fram í sal ÍSÍ, Íþróttamiðstöðinni í Laugardal. **Ólafur Oddur Sigurðsson**, formaður Glímusambands Íslands, setti þingið klukkan 17.30. Hann bauð þingfulltrúa og gesti velkomna og gekk síðan til dagskrár.

2. Kosin kjörbréfanefnd

Ólafur Oddur gerði tillögu um þrjá menn í kjörbréfanefnd. Stefán Geirsson, Helga Bjarnason og Jóhann Pálmason. Það var samþykkt og tóku þeir þegar til starfa.

3. Kosnir fastir starfsmenn þingsins

Ólafur Oddur lagði til að Kjartan Lárusson yrði þingforseti og Jón M. Ívarsson þingritari. Varamenn voru ekki tilnefndir. Var það samþykkt og tóku þeir til starfa.

4. Kjörnar þingnefndir

Kjartan Lárusson, þingforseti, las upp tillögur formanns að nefndum þingsins:

Fjárhagsnefnd: Atli Már Sigmarsson, Óttar Ottósson og Hugrún Geirsdóttir. Laganefnd: Sindri Freyr Jónsson, Gunnar Brynjarsson og Garðar Erlendsson. Allsherjarnefnd: Svana Hrönn Jóhannsdóttir, Magnús Karl Ásmundsson og Pétur Þórir Gunnarsson. Voru þau samþykkt af þingheimi.

5. Skýrsla stjórnar

Ólafur Oddur Sigurðsson flutti skýrsluna. Hún lá frammi prentuð og var hefðbundin að sögn formanns nema hvað nú voru myndir hafðar í lit. Ólafur upplýsti um smávægilegar villur á bls. 19 þar sem sagt var frá fjölda þingfulltrúa. Þrátt fyrir smávegis fækkun iðkenda væri framtíðin björt. Stórverkefni ársins væri Evrópumót í keltneskum fangbrögðum sem haldið verður hérlendis í sumar. Ólafur fór yfir efni skýrslunnar í fljótu bragði og nefndi að þetta væru allt heimildir sem við þyrftum að varðveita. Færri skólabörn fengu kynningu en oft áður vegna niðurskurðar á fjárveitingu til þessa verkefnis frá alþingi.

6. Reikningar lagðir fram

Ólafur Oddur lagði fram reikninga sambandsins í forföllum gjaldkera Snæs Seljan Þóroddssonar. Skoðunarmönnum vannst ekki tími til að yfirfara reikningana og voru þeir því ekki áritaðir. Hins vegar hafði endurskoðandi GLÍ farið yfir þá. Tekjur ársins voru um 8 milljónir króna og höfðu lækkað nokkuð frá fyrra ári en hagnaður ársins nam 1,8 milljónum króna. Ólafur upplýsti að stjórn GLÍ hefði markvisst safnað peningum til að standa straum af Evrópumótinu í sumar „og það stóð aldrei til að hafa kassann tóman að því loknu,“ sagði formaðurinn. Í samræmi við þetta var eignastaða sambandsins góð og bankainnistæður þess rúmlega 6 milljónir króna.

7. Ávörp gesta

Hafsteinn Pálsson, stjórnarmaður ÍSÍ, ávarpaði þingið og flutti kveðjur frá stjórn Íþróttasambandsins. Hann sagði ásókn utanaðkomandi aðila í lottóið hafa aukist og við þyrftum að standa vörð um það. Ástæðulaust væri að gefa það eftir til annarra sem væru á fjárlögum með stærri hlut en íþróttahreyfingin.

Hann minnti á Smáþjódaleika sem verða hérlendis eftir tvö ár og þá þurfa allir að leggja sig fram. Hann hrósaði GLÍ fyrir trausta fjárhagsstöðu og lauk máli sínu með óskum um gott glímuár.

Álit kjörbréfanefndar

Stefán Geirsson lagði fram álit kjörbréfanefndar. Átta sambandsaðilar GLÍ áttu rétt á þingsetu og fimm þeirra voru mættir. Þeir áttu samtals rétt á 28 fulltrúum og voru 16 þeirra á staðnum. Stefán las nöfn viðstaddra fulltrúa en það voru eftirtaldir:

HSK átti rétt á 9 fulltrúum en 5 voru mættir:

1. Stefán Geirsson
2. Hugufrún Geirsdóttir
3. Kjartan Lárússon
4. Jón M. Ívarsson
5. Ólafur Oddur Sigurðsson

UÍA átti rétt á 7 fulltrúum en 3 voru mættir:

1. Magnús Karl Ásmundsson
2. Sindri Freyr Jónsson.
3. Atli Már Sigmarsson

ÍBR átti rétt á 6 fulltrúum og 4 voru taldir fram:

1. Hörður Gunnarsson
2. Óttar Ottósson
3. Helgi Bjarnason
4. Garðar Erlendsson

UDN átti rétt á 3 fulltrúum og 2 voru mættir:

1. Svana Hrönn Jóhannsdóttir
2. Jóhann Pálmason

HSP átti rétt á 2 fulltrúum og voru mættir með fullt hús:

1. Pétur Þórir Gunnarsson
2. Gunnar Þór Brynjarsson

Stefán sagði skarð fyrir skildi að enginn væri þarna fyrir hönd HSV sem átti rétt á 9 fulltrúum. Kjörbréfin voru samþykkt samhljóða.

8. Umræður

Hörður Gunnarsson hóf umræðu um skýrslu og reikninga. Honum fannst snjallt hjá formanni að gera Kjartan Lárússon að þingforseta til að hann tefði ekki þingið með umræðum. „En skýst þótt skýr sé,“ sagði Hörður, „því ekki var mér falið neitt verkefni,“ en oft hefði hann tekið drjúgan þátt í umræðum. En hinir tveir sem mest hefðu talað á glímupingum; Kjartan og Jón M. Ívarsson, væru hér í störfum. Hörður var ánægður með fjárhagsstöðu GLÍ sem hann taldi mikilvægt að héldist þannig áfram. „Við þurfum ekki að eyða tíma í að rökræða fortíðina, enda breytum við engu um hana,“ sagði Hörður að lokum.

Óttar Ottósson sagði að glímudeild KR hefði haft heimavöll sinn í Melaskóla áratugum saman. Hann óskaði skýringa á að þar var haldin glímukynning af hálfu GLÍ 8. janúar síðastliðinn án þess að deildin frétti af því fyrr en eftir á.

Stefán Geirsson óskaði Ólafi formanni til hamingju með gott starf og góðan rekstur. Hann sagði mikið mæða á breiðum herðum formannsins enda stæði hann vel undir því. Stefán taldi slæmt ef fjármagn til glímukynninga færi minnkandi. Hann benti á að mótahald félaganna

væri mjög misjafnt að vöxtum og var nokkuð ánægður með umfang þess hjá HSK þar sem hann þekkti vel til. Taldi upp fjölda mótanna og taldi það nokkuð gott módel til að fara eftir.

Jón M. Ívarsson þakkaði Ólafi Sigurðssyni gott starf og góða stjórn á fjármálum GLÍ. Hann hét á menn að standa vel að Evrópumótinu í sumar. Sagði að hliðstætt mót hefði fyrst verið haldið hérlendis árið 1990 og þá hefði Garðar Erlendsson skilað mjög góðu starfi við móttöku útlendinga. Vildi minna á það fyrir þá yngri sem ekki myndu svo langt aftur í tímann.

Ólafur Oddur Sigurðsson svaraði Óttari og skýrði málið. Haft hefði verið samband við formann glímudeildar KR sem reyndar væri búsettur erlendis og einnig þjálfarann sem var viðstaddur kynninguna. Þótti honum miður ef þessi boðun hefði ekki náð til allra í deildinni. Taldi samt að kynningin hefði tekist vel.

9. Reikningar samþykktir

Reikningar voru bornir upp og samþykktir samhljóða.

10. Fjárhagsáætlun lögð fram

Ólafur Oddur Sigurðsson lagði fram fjárhagsáætlun stjórnar. Hann benti jafnframt á sparnaðarráð stjórnar sem fólust í því að nota pappír þingskjala á báðum hliðum. Í fjárhagsáætlun voru tekjur áætlaðar 8,3 milljónir en gjöld 9 milljónir króna. Miðað var við rekstrarhalla sem næmi 700 þúsund krónum. Ólafur taldi réttast að halda sig við raunveruleikann þótt auðvelt hefði verið að skrifa þarna einhverja tölu á móti sem ekki hefði svo gengið eftir. Búið væri að semja um ýmsan kostnað á Evrópumótinu sem yrði vel viðráðanlegur en rétt væri þó að gera ráð fyrir smávegis hallarekstri þess vegna.

11. og 12. Tillögur lagðar fram

Engar tillögur til lagabreytinga frá stjórn eða þingfulltrúum komu fram.

- Þinghlé -

Þingforseti veitti þinghlé kl. 18.25 og tilkynnti að það yrði í 10 mínútur. Þinghléi lauk kl. 18.40 og var þá fram haldið dagskrá.

13. Álit nefnda

Eina nefndin sem fékk verkefni í þinghléi var fjárhagsnefnd og mælti Atli Sigmarsson fyrir álitni hennar. Fjárhagsáætlun var lögð fram óbreytt og sömuleiðis tillaga um ævifélagagjald.

Þingskjal nr. 1

49. Glímubing í Reykjavík 16. febrúar 2013

GLÍMUSAMBAND ÍSLANDS
TILLAGA AÐ FJÁRHAGSÁÆTLUN 1/1 – 31/12 2013

| | GJÖLD | TEKJUR |
|--|-----------|-----------|
| Fjárveiting til glímukynninga | | 3.500.000 |
| Tekjur af Lottó | | 1.200.000 |
| Sérsambandastyrkur | | 1.300.000 |
| Íþróttta- og Ólympíusamband, útbreiðslustyrkur | | 1.200.000 |
| Tekjur af glímumótum | | 400.000 |
| Styrkir | | 600.000 |
| Aðrar tekjur | | 150.000 |
| Glímukynning | 3.500.000 | |
| Glímumót | 500.000 | |
| Erlend samskipti | 400.000 | |
| Evrópumeistaramót | 3.000.000 | |
| Skrifstofukostnaður | 700.000 | |
| Húsaleiga | 360.000 | |
| Ársskýrsla og þinghald | 200.000 | |
| Kaup á beltum og skóm | 100.000 | |
| Ýmis kostnaður | 260.000 | |
| Alls kr. | 9.020.000 | 8.350.000 |

Þingskjal nr. 2

49. Glímubing í Reykjavík 16. febrúar 2013

Stjórn Glímusambands Íslands leggur til að gjöld ævifélaga árið 2013 verði kr. 10.000.

Reykjavík 16. febrúar 2013
Stjórn GLÍ

Báðar tillögur voru samþykktar samhljóða án umræðna.

14. Kjörbréfanefnd aftur

Stefán Geirsson, formaður kjörbréfanefndar kom aftur í ræðustól og lagði fram þá ósk frá Herði Gunnarssyni ÍBR að Hjörleifi Pálssyni yrði bætt inn á kjörbréf sambandsins. Hjörleifur hafði reyndar setið þingið allt frá byrjun. Þetta var samþykkt af þingheimi með einu mótatkvæði.

15. Kosningar

Kjartan Lárusson, þingforseti las upp tillögur að næstu stjórn og nefndamönnum samkvæmt lögum GLÍ. Mótframboð komu engin fram og urðu allir sjálfkjörnir og var fagnað með lófaklappi.

- a) Formaður GLÍ: Ólafur Oddur Sigurðsson.
- b) Aðrir stjórnarmenn: Ingibergur Jón Sigurðsson, Atli Sigmarsson, Hugrún Geirsdóttir og Helgi Bjarnason.
- c) Varastjórn: Snær Seljan Þóroddsson, Jón Smári Eyþórsson og Eva Dögg Jóhannsdóttir.
- d) Skoðunarmenn: Kjartan Lárusson og Sigurjón Leifsson.
Varamenn: Garðar Erlendsson og Sylvía Sigurðardóttir.
- e) Aganefnd: Jóhannes Sveinbjörnsson, Sigmundur Stefánsson og Kristján Yngvason.
Varamenn: Þóroddur Helgason, Jón Birgir Valsson og Árni Unnsteinsson.

16. Önnur mál

Jón M. Ívarsson kvaddi sér hljóðs og sagðist ekki ætla að ræða glímu heldur vímu. Hann sagði það orðið æ algengara að ungir íþróttamenn neyttu tóbaks á þann hátt að setja það í munn sér. Honum hefði jafnvel sýnst að ungir glímumenn væru þeim yngstu í hópnun fyrirmyndir að þessu leyti. Hann kvaðst ekki ætla að predika yfir mönnum um þetta, það væri þeirra val en sagði að sérfróðir læknar spáðu því að holskefla munnkrabbameins myndi skella á héraendis eftir svo sem 20 ár ef svo færi sem nú horfði. Nýlega hefði fyrrum landsliðsmaður í knattspyrnu látist úr illvígu munnkrabbameini af völdum tóbaks áður en hann varð fertugur. Benti á að afleiðingar munnkrabbameins gætu orðið þær að það þyrfti að fjarlægja kjálkann eða tunguna og þá yrðu menn ekki mjög málhressir. Bað menn að hugleiða þetta.

Hörður Gunnarsson sagði að þeir Jón hefðu ekki alltaf verið sammála en tók eindregið undir orð hans og sagði: „Við erum farnir að styðja hvor annan æ oftar í seinni tíð.“ Hann hvatti til góðrar samstöðu og framkomu bæði innan og utan vallar á væntanlegu Evrópumóti. Glímumenn yrðu að gæta sóma íþróttarinnar og ekki láta neinn blett falla á ímynd glímunnar. „Við eigum að vera fyrirmynd,“ sagði Hörður að lokum.

Pétur Þórir Gunnarsson kom upp og vildi leggja sitt af mörkum til umræðunnar. Hann kvaðst vera einn af þeim sem hefði notað munntóbak en væri nú hættur því. Hann benti á að nú væru til sérstakir vítamínskammtar sem hjálpuðu mönnum til að venja sig af þessu og væri það af hinu góða.

Stefán Geirsson taldi gott að glímumenn legðu munntóbakið á hilluna. Minnti á Íslandsglímuna sem verður haldin á Selfossi 23. mars næstkomandi ásamt grunnskólamóti og öldungamóti og hvatti glímufólk til að mæta vel. Hann sagði að það ætti að vera langtímamarkmið GLÍ að gera framkvæmdastjórastarfið að fullu starfi. Núverandi formaður stendur sig vel í framkvæmdastjórastarfinu sagði Stefán og taldi að það væri kannski ekki öllum gefið að sinna því eins vel og hann. Minnti einnig á landsmót UMFÍ sem haldið verður á Selfossi í júlí í sumar.

Kjartan Lárusson, þingforseti, sagðist búinn að loka mælendaskrá. Hann hefði hingað til valdið litlum töfum á þinghaldi með ræðuhöldum en kvaðst vilja segja nokkur orð. Óskaði stjórn til hamingju með gott starf. Hann sem formaður Glímudómarafélagsins óskaði eftir að menn gæfu sig fram til dómara starfa á Íslandsglímunni og mótum um þá helgi. Kjartan er

einnig sérgreinastjóri landsmótsins á Selfossi og óskaði eftir álitum manna á hvernig ætti að framkvæma glímuna þar. Kjartan upplýsti að á dómaramótskeiði sem lauk í dag hefðu fimm nýir dómara bæst í hóp glímudómara. Svo óskaði hann öllum þingfulltrúum góðrar heimkomu og gaf formanni orðið.

17. Þingslit

Ólafur Oddur Sigurðsson, nýendurkjörinn formaður Glímusambandsins taldi það lýsa einingu glímunnar best að Jón M. Ívarsson og Hörður Gunnarsson væru orðnir svona sammála og spáði að þeir myndu fallast í faðma í þinglok. Hann vildi þakka gott samstarf innan glímunnar. Beindi orðum til Hafsteins Pálssonar og þakkaði gott samstarf við ÍSÍ og taldi mikils virði að eining ríkti innan íþróttahreyfingarinnar. Hann hrósaði Pétri Þóri fyrir að leggja sitt af mörkum til að vinna gegn tóbaksnotkun innan glímunnar.

Ólafur ræddi væntanlegt Evrópumót. Hingað munu koma keppendur frá Svíþjóð, Englandi, Skotlandi, Frakklandi, Spáni og Austurríki svo eitthvað sé nefnt. Þegar eru skráðir 44 karlar og 22 konur til keppni. Um næstu helgi fer glímuhópur til Frakklands til að taka þátt í backholdkeppni og að kenna glímu. Þetta sýndi okkur að útlendingar taka glímuna alvarlega eins og vera ber. Fagnaði góðu samstarfi við keltnesku löndin. Vildi fá sem flesta á Evrópumótið, bæði sem þátttakendur og áhorfendur. Sagðist hlakka til að starfa með þessum góða hópi í framtíðinni og sagði glímupingi slitið kl. 19.10. Þingi lauk með því að Jón og Hörður féllust í faðma og skildu allir í góðum vinskap.

Jón M. Ívarsson
þingritari